

OPIÐ BRJEF

um

almennar reglulegar kjördæmakosningar til Alþingis.**53**
11. ágúst

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörrum kunnugt: Samkvæmt 4. gr. laga 18. maí 1920, nr. 12, eiga almennar reglulegar kjördæmakosningar til Alþingis að fara fram árið 1923.

Fyrir því bjóðum Vjer allramildilegast og skipum svo fyrir að þessar alþingiskosningar skuli fara fram um land alt hinn fyrsta vetrardag þetta ár, sem er hinn lögboðni kjördagur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marseisborg, 11. ágúst 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.